

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar
Ráðhús, Digranesgötu 2
310 Borgarnes

Garðabær, 23. mars 2023
Málsnúmer: 202302-0021
IAS

Efni: Umsögn um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar, dags. 9. febrúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á aðalskipulagi.

Tilgangur þessarar breytingar á aðalskipulagi er að bæta við nýju frístundasvæði í landi Hraunsnefs, alls 38 ha. NÍ bendir á ósamræmi á milli sveitafélagsuppráttar og bréfs frá Borgarbyggð, í bréfinu er svæðið sagt vera 56,5 en á upprættinum er svæðið sagt vera 38 ha sem skipt verði upp í 25 frístundalóðir.

Fyrirhuguð frístundabyggð er að stærstum hluta á berghlaupum sem féllu úr Hraunsnefsöxl. Berghlaupin eru áberandi í landslaginu og á loftmyndum má sjá a.m.k. tvö aðskilin berghlaup. Það nyrðra er mun stærra og nær það allt niður að þjóðvegi á milli bæjanna Hraunsnefs og Hvassafells. Sunnar er mun minna berghlaup en í því eru mjög áberandi rennslisform og eru útlínur hlaupsins vel afmarkaðar og er greinileg skál á upprunastað hlaupsins í Hraunsnefsöxl. Á milli þessara tveggja berghlaupa er Rauðihryggur, litrík bergmyndun úr súru bergi og á milli þessara þriggja myndana og í lægðum í báðum berghlaupum er gróðursælir gras- og votlendisblettir. Á svæðinu eru fjölbreyttar vistgerðir, sérstaklega framan við syðra berghlaupið, sem flestar eru með hátt verndargildi (t.d. lyngmóavist á láglandi, snárrótarvist, grasmóavist, lingresis -og vingulsvist, finnungsvist, bugðupuntsvist) og starungsmóavist með mjög hátt verndargildi.

Fyrirhuguð frístundabyggð nær inn á bæði berghlaupin og Rauðahrygg og mun hún breyta ásýnd svæðisins verulega og spilla varanlega landslagi sem er mjög sérstakt og lýsandi fyrir þá miklu krafta sem búa í íslenskri náttúru. Syðra berghlaupið verður sérstaklega illa úti þar sem byggðin fer yfir mestan hluta berghlaupsins. Því væri æskilegt að reyna að finna annan stað fyrir fyrirhugaða frístundabyggð svo hlífa megi báðum berghlaupunum og Rauðahrygg.

Sunnan við fyrirhugaða frístundabyggð er svæði 210 á náttúruminjaskrá. Grábrókarhraun og Hreðavatn og er lýsing á mörkunum þessi: „Grábrókarhraun norðan hreppamarka allt austur að Bjarnardalsá og Norðurá, ásamt Hraunsey og fossinum Glanna. Hreðavatn allt og suðurhlíðar Setmúla milli Kiðár og Brekkúár“. Ef þetta svæði verður friðað myndi það gefa svæðinu aukið vægi ef að það yrði stækkað þannig að berghlaupin yrðu innan friðaða



svæðisins. Berghlaupin eru skráð í jarðminjagrunn Náttúrufræðistofnunar og við endurskoðun á náttúruminjaskrá er vel hugsanlegt að berghlaupunum og Rauðahrygg verði bætt við C-hluta náttúruminjaskrár vegna jarðminja og landslags.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur